

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2015

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
kt. 510211-0140

Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2015 var tekjuhalli sjóðsins 15,0 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.939,2 m.kr, skuldir 8,9 m.kr. og eigið fé 2.930,3 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar sjóðsins staðfesta ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Reykjavík, 14. desember 2016



Ólöf Nordal
innanríkisráðherra.



Lúðvík Geirsson,
formaður ráðgjafarnefndar
Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 14. desember 2016



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Tekjur			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	1	449.583	409.002
Sala fasteigna.....	2	0	56.500
Húsaleiga		9.245	11.040
Tekjur alls		<u>458.828</u>	<u>476.542</u>
Framlög			
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.....	3	<u>575.000</u>	<u>540.000</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	4	843	804
Annar rekstrarkostnaður.....	5	10.775	10.039
Rekstrarkostnaður samtals		<u>11.618</u>	<u>10.843</u>
Framlög og gjöld alls		<u>586.618</u>	<u>550.843</u>
Rekstrarhagnaður.....		(127.790)	(74.301)
Hreinar fjármunatekjur.....	6	<u>112.764</u>	<u>110.664</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>(15.026)</u>	<u>36.363</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir:			
Skuldabréf.....	7	2.232.819	2.307.415
Fastafjármunir samtals		<u>2.232.819</u>	<u>2.307.415</u>
Veltufjármunir:			
Áfallnar vaxtatekjur.....		40.186	34.054
Aðrar skammtímakröfur.....		45.062	53.370
Næsta árs afborganir skuldabréfa.....	7	113.150	116.364
Bankareikningar.....		507.958	441.643
Skammtímakröfur samtals		<u>706.356</u>	<u>645.431</u>
Eignir alls		<u>2.939.175</u>	<u>2.952.846</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	8	<u>2.930.256</u>	<u>2.945.282</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		8.037	6.811
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>882</u>	<u>753</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>8.919</u>	<u>7.564</u>
Skuldir samtals		<u>8.919</u>	<u>7.564</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>2.939.175</u></u>	<u><u>2.952.846</u></u>

Sjóðstreymi árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi.....		(15.026)	36.363
Verðbætur skuldabréfa.....		(35.197)	(31.728)
Veltufé frá rekstri		<u>(50.223)</u>	<u>4.635</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		2.177	(68.272)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....		1.355	3.610
		<u>3.532</u>	<u>(64.662)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(46.691)</u>	<u>(60.027)</u>
 <i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Skuldabréf.....		0	0
Afborganir.....		113.006	126.748
Fjárfestingahreyfingar		<u>113.006</u>	<u>126.748</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		66.315	66.721
Handbært fé í ársbyrjun.....		441.643	374.922
Handbært fé í árslok		<u>507.958</u>	<u>441.643</u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhaldsskráningu fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

1. Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins var áður greitt Framkvæmdasjóði fatlaðra.

	2015	2014
Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	449.583	409.032

Skýringar

Sala eigna

2. Engar fasteignir voru seldar á árinu 2015. Tvær fasteignir eru óseldar en voru í útleigu á árinu 2015.

	2015	2014
Sala fasteigna.....	0	56.500

3. Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli d-liðar 2. greinar reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 578/2012 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	575.000	540.000
	<u>575.000</u>	<u>540.000</u>

Starfsmannamál

4. Laun og launatengd gjöld vegna fulltrúa í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins eru færð hér.

Nefndar- og stjórnarlaun.....	725	691
Launatengd gjöld.....	118	113
	<u>843</u>	<u>804</u>

Annar rekstrarkostnaður

5. Kostnaður vegna umsjónar- og sölu fasteigna.....	48	3.519
Endurbætur v. fasteigna í umsjá Fasteignasjóðsins.....	7.894	0
Ýmiss rekstrarkostnaður.....	2.833	6.520
	<u>10.775</u>	<u>10.039</u>

Fjármunatekjur

6. Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	132.238	130.106
Fjármagnstekjuskattur.....	(19.474)	(19.442)
	<u>112.764</u>	<u>110.664</u>

Skýringar

Skuldabréf

7. Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslulán með 2% vöxtum. Almennt er lánstíminn 25 ár.

	2015	2014
Staða skuldabréfa í árslok	2.345.969	2.423.779
Næsta árs afborganir	<u>(113.150)</u>	<u>(116.364)</u>
Skuldabréfaeign í efnahagsreikningi	<u>2.232.819</u>	<u>2.307.415</u>

Eigið fé

8. Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu 2015 greinist þannig:

Höfuðstóll 1/1	2.945.282	2.908.919
Tekjuafgangur ársins	<u>(15.026)</u>	<u>36.363</u>
Höfuðstóll 31/12	<u>2.930.256</u>	<u>2.945.282</u>